

### Verkefnislýsing rannsóknarverkefnis

Nemendur vinna rannsóknarverkefni um viðfangsefni sem byggist á fræðilegri þekkingu á námssviði/sérgrein hans

Um er að ræða einstaklingsverkefni. Þó er nemendum heimilt að vinna paraverkefni en bera þá sjálfir ábyrgð á samstarfinu.

Rannsókninni þarf svo að gera skil í skýrslu. Hún á að fylgja fyrirkomulagi skv. APA staðlinum. Samráð skal haft við umsjónarkennara áfangans.

#### Yfirlit verkefnaskila:

**18.febrúar**– eiga heimildalist og rannsóknaráætlun að vera klár.

**Vika 14** – síðasti séns að skila leiðsagnarskilum.

**3.maí** – síðasti séns að skila lokaskilum verkefnis.

**9. maí** – Lokaverkefnisdagur, kynna og verja verkefnið ykkar.

#### Kröfur fyrir öll lokaverkefni:

- Nemandi velur sér umfjöllunarefni sem er innan áhugasviðs og endurspeglar námsval viðkomandi við skólann.
- Nemandi setur fram rannsóknarspurningu og tilgátu eða tilgátur sem leitast er við að svara í verkefninu. Verkefnið snýst svo um að svara þessari spurningu út frá nokkrum sjónarhornum.
- Verkefnið á að vera hið minnsta 2.500 orð fyrir einstaklingsverkefni og 3.500 orð fyrir paraverkefni (fyrir utan forsíðu, heimildaskrá og fylgiskjöl).
- Nota skal Times New Roman Arial eða Calibri letur í 12 punkta stærð með línubil 1,5

#### Heimildir:

- Vísa þarf jafnóðum til heimilda, setja tilvísanir fram með viðeigandi hætti og vísa til heimildaskrár. Halda þarf beinum tilvitnunum í algjöru lágmarki, einungis skal nota þær ef orðalag skiptir máli.
- Nota skal APA kerfið, sjá leiðbeiningar á vef HÍ eða HR.
- Vinnið þið heimildaskráningu jafnóðum. Ekki geym það að setja inn tilvísanir og ekki setja bara inn linka. Þið munið þakka sjálfum ykkur fyrir það í vor.

| Einstaklingsverkefni (lágmark)                                            | Paraverkefni (lágmark)                                                    |
|---------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------|
| Að minnst kosti 8 gæða heimildir, þar af þurfa 23 vera <i>ritrýndar</i> . | Að minnst kosti 12 gæða heimildir, þar af þurfa 4 vera <i>ritrýndar</i> . |

|                                                                                                 |                                                                                                 |
|-------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Fyrsta val heimilda er alltaf ritrýnt.                                                          | Fyrsta val heimilda er alltaf ritrýnt.                                                          |
| <b>Gera þarf ráð fyrir því að þurfa að nýta einnig ritrýndar heimildir á erlendu tungumáli.</b> | <b>Gera þarf ráð fyrir því að þurfa að nýta einnig ritrýndar heimildir á erlendu tungumáli.</b> |

**Sérstakar kröfur eftir gerð verkefna:**

- Þegar nemandi skilar verkefninu í fyrstu heildarskilum verður að fylgja með sem fylgiskjal mat á áreiðanleika heimilda.
- Vanda skal alla uppbyggingu textans og hafa í huga þær kröfur sem gerðar eru um ritgerðarsmíð. Sjá upplýsingar á vef bókasafnsins og upplýsingar á vefjum HÍ og HR. Nánari upplýsingar um frágang er að finna á vef áfangans á Moodle.

**Megindlegar rannsóknir:**

- Nemandi velur sér viðfangsefni og býr til rannsóknaráætlun sem er skilað 5.febrúar
- Spurningalistar verða að fylgja verkefni sem fylgiskjöl.
- Nemandi skilar niðurstöðum rannsóknarinnar í hefðbundinni skýrslu í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru í viðkomandi fagi. Þetta er ákveðið í samráði við umsjónarkennara.

**Eigindlegar rannsóknir:**

- Nemandi velur sér viðfangsefni og býr til rannsóknaráætlun sem er skilað 5.febrúar
- Þemagreining verður að fylgja verkefni sem fylgiskjöl.
- Nemandi skilar niðurstöðum rannsóknarinnar í hefðbundinni skýrslu í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru í viðkomandi fagi. Þetta er ákveðið í samráði við umsjónarkennara.